

Listasafn Einars Jónssonar

Eiríksögðu, Pósthólf 1051, 121 Reykjavík
Sími: 551 3797 Fax: 562 3909, Netfang: skulptur@skulptur.is

Frumvarp til myndlistarlaga
Þskj. 384- 306. mál

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1174
komudagur 23.1.2008

Reykjavík, 22. janúar 2008

Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir
nefndarritari

Erindi: Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga

Undirritaðri, Júlíönu G. Gottskálksdóttur, forstöðumanni Listasafns Einars Jónssonar hefur borist frumvarp til myndlistalaga til umsagnar.

Undirrituð fagnar frumvarpinu og vonar að það eigi eftir að styrkja stöðu myndlistar í landinu og þeirra sem að henni starfa.

Nokkrar athugasemdir:

II. kafli

Listasafn Íslands - 5. gr Innkaupanefnd

Það kann að orka tvímælis að fulltrúi starfandi myndlistarmanna sitji í innkaupanefnd safnsins þar sem það gæti leitt til hagsmunaárekstra. Sama á við setu tveggja fulltrúa SÍM í myndlistarráði sbr. 9.gr.

V. kafli

Önnur ákvæði - Athugasemdir við lagafrumvarpið

Um 3. gr. (Safnkostur, rannsóknir, fræðsla)

Á undangengnum áratugum hefur bókasafn Listasafns Íslands komið upp ritaskiptum við listasöfn erlendis, sent eintök af eigin útgáfum og fengið í staðinn sýningarskrár og önnur rit erlendra safna. Er mikilvægt að verðandi lög dragi ekki úr áframhaldandi samskiptum á þeim vettvangi þar sem mörg aðfengin rit hafa bætt upp takmarkaðan bókaþöfn hérlandis á sviði listfræðilegra rannsókna.

Um 9. gr (Myndlistarráð)

Hér segir að Samband íslenskra myndlistarmanna séu heildarsamtök þeirra sem starfa að myndlist. Þetta er ekki í samræmi við samtímann, því fleiri faghópar starfa á sviði myndlistar, t.d. forverðir og listfræðingar, en þeir sem skapa listaverk og eiga þarna hagsmuna að gæta.

Virðingarfyllst


Júlíana G. Gottskálksdóttir